




Verknúmer: AR01-38
29. ágúst 2008/14.nóvember 2008

Skipulags- og byggingarsvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111, Fax: 411-3071
Netfang: skipbygg@rvk.is


Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs Losunarstaður í Hólmsheiði

Skýringar

Athafnasvæði	
Hafnar- og athafnasvæði	
Opið svæði til sérstakra nota	
Blönduð landnotkun	
Innri höfn	
Vinnslusvæði v. jarðhita	
Íbúðasvæði	
Miðborg	
Miðsvæði	
Blönduð byggð	
Svæði f. þjónustustofnanir	
Jarðgöng	
Tengivegir	
Stofnvegir	
Mislæg gatnamót	
Göngubrú/undirgöng	
Akstursbrú/undirgöng	
Stofnstígar	
Tengistígar	
Svæði sem breyting nær til	
Íþróttasvæði (Sport grounds)	Í
Hesthúsabyggð (Staples)	H
Golfvöllur (Golf course)	G
Kirkjugarður (Cemetery)	K
Ræktunarsvæði (Nursery)	R
Skógræktarsvæði (Forestation)	S




Skipulagsuppráttur (1:30.000; óbreytt landnotkun):



Landnotkun í Hólmsheiði 2001-2024, skógrækt og útivist

Ný mynd í Greinargerð I (verður 9. mynd í kafla 3.2.3):



Afmörkun jarðvegsfyllingar (L/S) í Hólmsheiði. Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2001-2024

Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs. Losunarstaður í Hólmsheiði

Greinargerð:

Á fundi Borgarráðs vorið 2001 var samþykktur losunarstaður fyrir 1,5 milljón m³ af jarðvegi á Hólmsheiði. Framkvæmdin var samþykkt á grundvelli aðalskipulagsins 1996-2016 en gerðir voru eftirfarandi fyrirvarar við hana:

1. Jarðefni, sem fyrirhugað er að nota séu hrein og ómenguð af mannavöldum.
2. Tryggt verði að losun annarra efna eigi sér ekki stað, t.d. með því að takmarka umferð að svæðinu, sem á að taka við jarðefnum.
3. Dreifing efna verði þar sem enginn eða lítil gróður er fyrir.
4. Uppgræðsla landmótunarsvæðis hefjist eins fljótt og kostur er.
5. Ef fyrirhugað er að nota önnur efni til dreifingar á svæðinu, svo sem lífrænan landbúnaðarúrgang, verði fyrst leitað eftir samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
6. Fyrirvari var gerður um reiðleiðir hestamanna takmarkist ekki við framkvæmdirnar.

Í gildandi aðalskipulagi 2001-2024 er umrætt svæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota; ætlað til útivistar og skógræktar. Svæðið er jafnframt innan græna trefilsins. Jarðvegslosun á þessu svæði var talin samræmast markmiðum aðalskipulagsins um framtíðarmýtingu svæðisins, enda eingöngu um jarðvegsfyllingu að ræða sem ætlinin er að rækta upp og móta að þörfum útivistar á svæðinu. Miðað við upphaflega áætlun sér nú fyrir endann á nýtingu núverandi svæðis og hefur því verið kannað með aðra hugsanlega losunarstaði. Niðurstaða þeirrar könnunar er að stækkun núverandi losunarstað sé álitlegasti kosturinn. Þar ræður mestu nálægð losunarstaðarinn við helstu uppbyggingarsvæði innan Reykjavíkur. Álitó er að nýta megi núverandi svæði til næstu 10 ára og nær þá fyllingarsvæðið til allt að 32 ha. Losun jarðvegs verður háð sömu skilyrðum og ákveðin voru 2001.

Þó hér sem um tímabundna nýtingu lands að ræða sem getur samræmt vel langtíamarkmiðum aðalskipulagsins um nýtingu svæðisins til útivistar og skógrækt, þá þykir rétt að gera sérstaka grein fyrir stækkun losunarstaðarinn í aðalskipulaginu. Enn fremur er þörf á að setja almenn stefnuákvæði í aðalskipulagi um losun jarðvegs, einkum í ljósi þess að skipulagsreglugerð fjallar ekki sérstaklega um þessa nýtingu lands. Vegna þessa er gerð eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulaginu (sjá hér að neðan).

Umhverfisáhrif vegna losunar jarðvegs í Hólmsheiði verða einkum tímabundin og ekki veruleg ef settum skilyrðum um losun er fylgt í hvívetna. Helstu neikvæðu áhrif eru hugsanlegt afök jarðvegs, umferðarónæði og sjónræn áhrif á aðliggjandi svæðum. Með settum skilyrðum um uppgræðslu eins fljótt og auðið er, tímatakmarkanir á losun efnis og þungabílaumferð og rykbindingu vega er mögulegt að lágmarka neikvæðu umhverfisáhrif. Áætlun um formun lands, uppgræðslu, ræktun og skipulagningu svæðisins til útivistar mun lágmarka neikvæðu sjónræn áhrif á svæðinu. Svæðið sem hefur verið afmarkað sem losunarsvæði er ekki talið hafa sérstakt verndargildi, sbr. náttúrufrásúttækt Náttúrufræðistofnunar frá 1996. Staðsetning losunarstaðar nálægt helstu uppbyggingarsvæðum Reykjavíkur hefur hinsvegar jákvæð áhrif á loftgæði (losun gróðurhúsalofttegunda) og orkunotkun og almennt jákvæð hagræn áhrif. Gerð er frekari grein fyrir umhverfisáhrifum, mótvegisáðgerðum og frágangi svæðis í tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Tillagan felur hvorki í sér stefnumörkun er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, né grundvallarbreytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Á þeim grundvelli er ekki lagt fram sérstakt umhverfismat (sbr. lög nr. 105/2006) með breytingartilögu þessari.

Aðalskipulagsbreyting:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

1. Í kafla 3.1.9.1. (Greinargerð I) bætist við eftirfarandi setning (feitletruð): "...Á opnum svæðum til sérstakra nota má gera ráð fyrir veitumannvirkjum, s.s. dælu-, fráveitu- og spennustöðvum, sem afmörkuð verða í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Enn fremur er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi."
2. Í kafla 3.1.9.3. (Greinargerð I) bætist við eftirfarandi setning í lok kafans (feitletruð): "Innan græna trefilsins er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum, enda samræmast jarðvegsfyllingar markmiðum útivistar, uppgræðslu og skógræktar á svæðinu. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi"
3. Við kafla 3.2. (Greinargerð I) bætist við nýr kafla 3.2.3. Landnotkun í Hólmsheiði 2001-2024 og skýringarmynd, 9. mynd (sjá hér til hliðar). Eftirfarandi texti verður í kaflanum: Hólmsheiðin er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Markmið aðalskipulagsins er að byggja svæðið upp sem útivistarsvæði, m.a. með skógrækt (S). Á afmörkuðu svæði á Hólmsheiði er heimilú losun ómengaðs jarðvegs (L, sjá 9. mynd). Gert er ráð fyrir að jarðvegsfyllingin verði mótuð og ræktuð upp á skipulagstímabiliinu með þarfr útivistar að leiðarljósi.

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í borgarráði þann _____ 200_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____ 200_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann _____ 200_.